



REYKJAVÍKURBORG
GÖNGUGÖTUR

ÁGÚST 2021



AÐFERÐ

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

SP1: VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA	
ÁSTÆÐUR VIÐHORFS	
SP2: SVÆÐI GÖNGUGATNA	
SP3: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF	
SP4: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á VERSLUN	
SP5: ÁHRIF GÖNGUGATNA Á VEITINGASTAÐI	
SP6: TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ	

BLS. 3

BLS. 4

BLS. 11

Bls.

11

15

29

32

35

38

41

MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Reykjavíkurborg**. Hún er um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar.

Könnunin var lögð fyrir Reykvíkinga í Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. Panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu dagana 13. - 26. ágúst 2021. Svarendur eru 18 ára og eldri úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru **810** og voru gögnin vígtuð með tilliti til kyns, aldur og búsetu (póstnúmera) í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Við vígtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Í upphafi könnunar birtist svarendum kort af göngugötum í miðborg Reykjavíkur.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 30. ágúst 2021.

Með þökk fyrir gott samstarf,
starfsfólk Maskínu.

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.


T-próf er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja hópa þegar svörin eru á kvarða.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur ýmist verið nefnt færvikagreining eða dreifigreining á íslensku. ANOVA er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja eða fleiri hópa þegar svörin eru á kvarða.

Kí-kvaðrat próf er notað til að meta hvort marktækur munur sé á tveimur eða fleiri hópum þegar svörin eru ekki á kvarða.




1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?



*Í könnunum 2018 og 2017 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.


2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?





1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

■ Jákvæð(ur) ■ Í meðallagi ■ Neikvæð(ur)




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

■ Jákvæð(ur) ■ Í meðallagi ■ Neikvæð(ur)




Hverfi



2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?

■ Svæðið er of lítið ■ Svæðið er hæfilegt ■ Svæðið er of stórt




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?


■ Svæðið er of lítið ■ Svæðið er hæfilegt ■ Svæðið er of stórt



Hverfi




3. - 5. Telur þú að göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á miðborgarinnar?






6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?





Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (5)	371	45,9
Fremur jákvæð(ur) (4)	189	23,4
Í meðallagi (3)	120	14,8
Fremur neikvæð(ur) (2)	84	10,4
Mjög neikvæð(ur) (1)	45	5,6
Gild svör	809	100,0
Gildir svarendur	809	99,9
Svöruðu ekki	1	0,1
Heildarfjöldi	810	100,0




Meðaltal	3,94
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,08
Staðalfrávik	1,23



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög jákvæð(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög neikvæð(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

*Árin 2017 og 2018 þá var spurt um viðhorf gagnvart göngugötum yfir sumartímann.



Ekki er marktækur munur á meðaltali frá síðustu mælingu skv. t-prófi.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild	Jákvæð(ur)	Í meðallagi	Neikvæð(ur)			Breyting frá fyrri mælingu
	svör						
	Fjöldi						
Allir	809	69,3	14,8	15,9	3,94	0,05	
Kyn							
Karl	415	67,4	14,1	18,5	3,91	0,08	
Kona	394	71,3	15,4	13,2	3,97	0,02	
Aldur*							
18-29 ára	211	73,8	10,2	16,0	3,96	-0,23	
30-39 ára	170	78,8	13,7	7,5	4,35	0,20	
40-49 ára	140	74,7	11,0	14,4	4,05	0,17	
50-59 ára	136	61,4	19,0	19,6	3,70	0,03	
60 ára og eldri	152	54,4	22,1	23,4	3,56	0,13	
Hverfi*							
101-Miðborg	110	88,1	3,7	8,2	4,45	0,13	
103-Kringlan	11	86,7	5,4	7,8	4,22	0,01	
104-Laugardalur	61	71,2	13,4	15,4	4,10	0,40	
105-Hlíðar	114	70,7	13,1	16,2	4,14	-0,18	
107-Vesturbær	56	86,9	10,1	3,0	4,42	0,06	
108-Fossvogur	80	61,7	15,4	22,9	3,78	-0,42	
109-Neðra Breiðholt	79	64,7	23,6	11,7	3,79	0,09	
110-Árbær	79	63,2	19,9	16,9	3,72	0,40	
111-Efra Breiðholt	64	61,8	19,7	18,5	3,70	0,27	
112-Grafarvogur	108	63,5	15,6	20,9	3,56	0,02	
113-Grafarholt og Úlfarsárdalur	44	48,4	19,5	32,1	3,44	-0,21	

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild		Í meðallagi		Breyting frá fyrri mælingu
	svör	Jákvæð(ur)	Í meðallagi	Neikvæð(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	809	69,3	14,8	15,9	3,94
Menntun*					
Grunnskólapróf	69	37,2	16,5	46,3	3,03
Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun	197	58,0	25,3	16,7	3,67
Háskólapróf	523	78,2	10,6	11,2	4,18
Heimilistekjur					
Læгри en 400 þúsund	85	66,7	16,2	17,1	3,86
400 til 549 þúsund	84	75,7	7,5	16,8	4,09
550 til 799 þúsund	126	71,7	18,8	9,4	4,07
800 til 999 þúsund	120	68,2	16,0	15,8	3,89
Milljón til 1.199 þúsund	79	78,4	12,5	9,1	4,17
1.200 þúsund eða hærr	88	73,6	14,1	12,3	4,13
Hjúskaparstaða					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	527	70,9	14,1	15,0	3,99
Einhleyp(ur)	203	68,3	18,0	13,7	3,97
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	53	63,5	14,9	21,6	3,65

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjömumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

	Gild svör		Í meðallagi		Neikvæð(ur)	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	809	69,3	14,8	15,9	3,94	0,05
Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?*						
Svæðið er of lítið	239	97,2	0,5	2,3	4,86	-0,02
Svæðið er hæfilegt	332	87,5	11,4	1,0	4,31	0,09
Svæðið er of stórt	217	14,2	33,6	52,2	2,44	0,11
Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*						
Vikulega eða oft	300	85,5	5,5	9,0	4,46	0,17
1-3 sinnum í mánuði	267	77,9	13,3	8,8	4,10	-0,01
Sjaldnar en mánaðarlega	201	42,4	29,3	28,3	3,21	0,00

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

101 - Miðborg

- Af því að ég bý í miðborginni og geng á hverjum einasta degi um þessar götur og sé hvað þetta gerir mannlífinu á svæðinu ómælt gagn sem og þeim þjónustuveitendum sem eru á svæðinu. Ekkert neikvætt við þetta en svo ótal margt jákvætt.
- Auðgar mannlífið, tækifæri til að skreyta umhverfið og fegra, bíður uppá öruggari gangandi umferð og meiri heimsborgarbragur yfir öllu.
- Á auðveldar með að fara um, meira og betra mannlíf
- Bara finnst að þær ættu að vera það.
- Bara gaman að ganga um götur og verða ekki fyrir truflun af annari umferð.
- Bara miklu skemmtilegra borgarlíf.
- Bílar eiga ekki heima í iðandi mannlífi.
- Bíla umferð á ekki erindi inn inn í miðbæ borga. Miðbærinn á þvert á móti að vera öruggt, rólegt og þægilegt svæði fyrir gangandi vegfarendur og kannski hjólréiðafólk.
- Bæta mannlífið, áherslan er gangandi fólk en ekki bílar. Umhverfið verður manneskjulegra og loftgæði verða mun betri.
- Bæti mannlífið og upplifun mína af miðborginni. Það eru til dæmis engir bílar inni í Kringlunni heldur.
- Dregur úr óþarfa bílaumferð og mengun. Bæti mannlíf, lífsgæði og upplifun í miðborginni.
- Engin bílar.
- Eykur götulífuð en vil opna Laugaveg.
- Eykur mannlíf.
- Eykur miðborgarstemninguna og maður getur notið meira án bílahávaða og tilheyrandi mengunnar.
- Ég bý í miðbænum og gott að losna við bílana.
- Ég er á rafs kutlu og nota þær mikid.
- Ég geng þar á hverjum degi.
- Fjölbreyttara líf.
- Frábært að sjá mannlíf í borginni, fólk gangandi um í stað þess að sitja fastu í umferð þegar maður ætlar að skoða sig um í borginni.
- Gerir borgina meira lífandi og eykur á velíðan hjá borgurum og gestum.
- Gerir borgina meira lífandi og manneskjulega.
- Gerir borgina skemmtilegri.
- Gerir mannlíf betra og fjölskrúðuga, minnkar hávaða, mengun og slyshættu sem fylgir
 - Gott að ganga og gott að vera laus við hávaða og mengun.
 - Gott að losna við bíla af þessum götum en Laugavegur er ekki göngu gata nema að mjög litlu leyti.
 - Gæða borgina lífi og menningu.
 - Göngugötur auðga mannlíf og gera borgina betri stað til að búa og heimsækja.
 - Göngugötur búa til pláss fyrir fólk og auðga þannig mannlífið.
 - Göngugötur efla mannlíf og ég hef trú á að ver slun og veitingarekstur hagnist einnig á því til lengri tíma. Á hinn bóginn verður líka að sjá til þess að fólk sem t.d. býr í úthverfum geti komist með einföldum hætti, a kandi eða með öðrum samgöngum að þessum götum. Því þarf að skipuleggja göngusvæði vel með tililiti til annarrar umferðar.
 - Göngugötur gera miðborgina miklu skemmtilegri, mannvænni og fækka bílum á götum borgarinnar. Göngugötur skapa skemmtilega stemningu og draga að fólk og viðburði.
 - Heilbrigðara umhverfi. Minni bílahávaði. Mannlíf.
 - Hressir upp á mannlíf, minnkar mengun og stuðlar að heilbrigðari og hægari lífstíl.
 - Iðandi mannlíf!
 - Laða að sér mannlíf.
 - Laus við bíla.
 - Leiðir til meira mannlífs líkt og í öðrum borgum.
 - Meira aðgengi fyrir fólk sem er ekki á bíl. Meira pláss.
 - Meira líf.
 - Meira mannlíf minni mengun!
 - Meira mannlíf, færri bílar.
 - Meira mannlíf, meira pláss fyrir fólk, a fslappaðra og þægilegra aðgengi.
 - Meira mannlíf, minni bílaumferð með tilheyrandi mengun, hávaða og hættu.
 - Meira mannlíf, minni mengun.
 - Meira og betra mannlíf á kostnað bílaumferð.
 - Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur, meiri möguleikar á viðburðum, öruggara fyrir dýr og börn.
 - Meira pláss fyrir mannlíf, minni mengun og hávaði. Meira umferða röryggi.
 - Meiri andagift í umhverfinu.
 - Mér finnst skemmtilegra að geta gengi óhindrað um verslunargötur borgarinnar.
 - Mér finnst þetta glæða mikið líf í miðborginni.
 - Mér finnst þær gera miðbæinn vistlegri, friðsælli og huggulegri.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

101 - Miðborg frh.

- Miðborgin er mjög afmarkað svæði, búið er að opna mikið af bílastæða húsum í kringum miðborgina og þar af leiðandi er ekki jafn mikil þörf fyrir að hleypa bílum inn í miðborgina.
- Minna ónæði, betra loft.
- Minni mengun þar. Bætir mannlíf. Lífandi borg.
- Minni mengun, meira pláss fyrir gangandi.
- Minni mengun.
- Minni mengun.
- Mun skemmtilegra og þægilegra umhverfi fyrir fólk en bílaumferð líka öruggara fyrir börn að fara um. Hægt að sitja úti osv. líkt og í flestum miðborgum í öðrum löndum.
- Skapa jákvætt mannlíf og opna fyrir marga möguleika í menningu og viðskiptum.
- Skemmtilegra að ganga um borgina.
- Skemmtilegra mannlíf, minni mengun, minni hávaði.
- Skemmtilegra mannlíf, minni mengun, óþarfi að hafa bíla út um allt í miðbænum þar sem götur eru þegar þröngar.
- Skemmtilegra mannlíf. Miklu skemmtilegra að labba um götur borgarinnar. Fer oftari bæinn og oftari búðir en ella.
- Skemmtilegt mannlíf.
- Umferð vélknúna ökutækja er eiginlega óþörf á þessum götum og þess vegna má önnur umferð njóta sín.
- Vantar göngugötur í miðborginni.
- Vegna hollustu, mengunnar, borgarbrags, etc.
- Vegna þess að það lífgar uppá miðbæinn og gerir verzlunum og veitingastöðum kleift að framlangja rekstur sinn út á stétt það er huggulegra, skemmtilegra, samfélagslega ábyrgt, minni mengun.
- Vegna þess að þær auðga mannlífið og við þurfum að fá frið fyrir bílum einhvers staðar. Þar sem eru göngugötur í erlendum stórborgum iðar mannlífið. Fleiri göngugötur.
- Veita gangandi vegfarendum meira rýma. Umhverfissjónarmið.
- Það er bara svo gott að hafa göngugötur.
- Það er margt sem er með göngugötum: a) Umhverfissjónarmið b) Ferðamannaíðnaður - miðbæir með göngugötum hvar verzlun og veitingarekstur fer fram eru út um alla Evrópu c) Gefur miðbænum allt annað yfirbragð en bílandi æska mín gerði.
- Það er miklu skemmtilegra að vera í miðbænum þegar allt plásið fer ekki undir bíla.

- Það er orðið ekkert mál að leggja bíl í nálægð bílahús (eru orðin svo mörg), það er yndislegt að skoða í búðir með börn án þess að hafa áhyggjur af bílum, engin bílamengun eða hávaðamengun af bílum þegar maður er að ganga á göngugötum og fullt fullt fleira.
- Það er umhverfisvænt. Það hefur góð áhrif á hljóðvist og gefur fólki meira rými til að njóta borgarlífsins.
- Það er þægilegt að ganga í miðborginni.
- Það er æðislegt að miðbærinn sé að einhverju leyti fyrir fólk, frekar en bara bíla.
- Það eru sum svæði þar sem varla er pláss fyrir bílaumferð og gangandi vegfarendur njóta sín betur.
- Það eykur svigrúm gangandi fólks og gerir umhverfið lífandi.
- Það myndast önnur stemning.
- Þegar mannfjöldinn er svo mikill þá er ekkert pláss fyrir bílaumferð og þykir mér mikilvægara að hafa mannlíf í miðborginni en helling af bílum.
- Þurfum meira pláss fyrir gangandi vegfarendur og fjöldi bílastæða er nægur í umhverfinu.
- Því þá er skemmtilegra að labba þar og betra að vera með börn.
- Þægilegra og notalegra að labba um án bílaumferðar.
- Þær auðga lífið, gera miðborgina líflegri og svo miklu miklu skemmtilegri.
- Þær auðga mannlíf og setja fólk í forgang fram yfir bíla.
- Þær auka fjölbreytni mannlífs í miðborginni.
- Þær gæða borgina meira lífi og ótrúlega gott að vera laus við útblástur bíla.
- Þær skapa mannlíf og eru að lífga upp á miðbæinn sem var ansi oft tómur hér í denn.

103 - Kringlan

- Auðgar mannlíf. Borgir eiga að vera fyrir fólk, ekki bíla. Minnkar mengun.
- Bæti mannlíf í borginni.
- Finnst ekki þurfa bílaumferð alls staðar og gott að geta gengið fremur öruggur.
- Gangan er holl.
- Gott að geta gengið um verzlunargötur án þess að þurfa að óttast að verði keyrt á mann.
- Göngugötur opna svæði fyrir gangandi fólk og vekja líf í bæinn.
- Innan hóflegra marka geta þær skapað viðngjarnlegan borgarbrag.
- Jákvætt að geta gengið um bæinn án truflunar frá umferð.
- Líflegri og skemmtilegri miðbær.
- Meira líf, minni umferð og meiri aðgengi fyrir gangandi fólk eða fólk í hjólastól.
- Meira líf, veitingastaðir og kaffihús geta sett borð út, minni mengun.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

103 - Kringlan frh.

- Miðborgir ættu að vera bíllausar efnokkur möguleiki er á. Hins vegar hafa borgaryfirvöld ekki gert nógu mikið til að laða þá sem búa annarsstaðar í borginni að miðborginni, sérstaklega ekki með því að leyfa byggingu steinsteypukumbalda í borginni miðri! Borgarbúar þurfa enn að nýta bílinn til að komast niður í bæ nema þeir hafi allan daginn fyrir sér og geti hangið í strætisvögnum heilu og hálfu dagana.
- Minni mengun og meira líf í bænum.
- Minni umferð, rólegra og betra andrúmsloft.
- Rólegri yfirbragur.
- Vegna þess að ég tel mikilvægt að geta gengið um bæinn án þess að vera sífellt að hugsa um bílaumferð. Það er ákveðið frelsi fyrir gangandi vegfarendur, það er fallegra að sleppa bílunum.
- Þar skapast yfirleitt gott mannlíf.
- Þú getur gengið um og slappað af. Engvar áhyggjur af bílum að aka á þig. heilnæmara loft, minni mengun.
- Þar skapast skemmtilegt mannlíf.

104 - Laugardalur

- Aðlaðandi umhverfi
- Af því að þar skapast vissaró umhverfinu.
- Auka öryggi og lífsgæði.
- Betra mannlíf, nóg af rými undir bíla í kring og gott fyrir allt (nema kannski verðslanir af því tagi sem eiga frekar heima í stórmörkuðum!)
- Bæta mannlíf.
- Eykur gott og skemmtilegt mannlíf, skapar afslappaða stemningu.
- Ég vinn í miðbænum og nýt þess að ganga og það er bara einfaldlega ekki skemmtilegt að ganga meðfram bílagötu.
- Finnst notalegt að geta gengið um miðbæinn á þess að vera með bílaumferð, skapar skemmtilegru stemningu.
- Færri bílar, minni mengun.
- Gefur miðbænum meira líf.
- Gerir borgarbraginn betri.
- Getur aukið mannlíf.
- Gott að geta gengið um án bílaumferðar.

- Göngugötur fylla borgir lífi og bjóða uppá mikla möguleika fyrir íbúa og gesti.
- Göngugötur í flestum borgum en þarfa að vera í hófi.
- Huggulegra mannlíf og stemning þegar prumpkerrurnar eru ekki alveg ofan í manni.
- Hægt að mynda útistemmingu í staðinn - við eigum bara eftir að venjast þessu.
- Lífga uppá borgarlífið.
- Meira öryggi, betri stemming.
- Mér finnst þetta hafa ýtt mannlífinu uppá næsta plan. Svo finnst mér fegra svo mikið að mála þær í skemmtilegum mynstrum og litum, lífgar enn meira uppá allt saman.
- Nútíminn.
- Skapar góða stemningu.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Sníðugt að geta gengið um án umferðar.
- Vegna þess að það bætir og gefur meira svigrúm fyrir mannlíf í miðborginni.
- Verulega notalegt að ganga og versla þar.
- Yndislegt að ganga um þær óhrædd við umferðina og mengunina. Bílar eru allt of fyrirferða miklir um alla borg og miðborgin okkar á að vera sem mest laus umferð bíla.
- Það er alveg óþarfi að hægt þurfi að vera að aka upp að dyrum við allar verðslanir og þjónustu í gamla miðbænum.
- Það setur skemmtilegru brag á bæjarlífið og minnkar (vonandi) mengun og útblástur.
- Því mér finnst gott að ganga um miðborgina og mér finnst gott að ganga þar sem er ekki bílaumferð.
- Öruggara.
- Öryggi.

105 - Hlíðar

- Af því að á göngugötum getur skapast líflegt og skemmtilegt mannlíf vegna þess að bílaarnir eru fjarri, hægt að sitja úti, njóta tónlistar eða spjallasaman á þess að vera trúflaðir af hávaða ökutækja og mengun þeirra.
- Af því þá er pláss fyrir meira mannlíf.
- Auðveldar alla umferð um miðbæinn.
- Aukið mannlíf.
- Aukið öryggi, sérstaklega fyrir börn. Aukið mannlíf. Minni mengun og hávaði frá bílum. Meira pláss fyrir gangandi vegfarendur. Þegar opið er fyrir umferð er nánast ógerlegt að komast niður Laugaveginum með barnavagnsökum plássleysis.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

105 - Hliðar frh.

- Betra fyrir umhverfið og mannlífið.
- Betra mannlíf minni mengun.
- Betra mannlíf.
- Betra mannlíf.
- Betri stemning, minni mengun, minni slyshætta, kósí.
- Betri upplifun af miðborginni. Bílar eru hættulegir fólki, hávaðasamir og taka mikið pláss.
- Borgarstemning.
- Burt með alræði bílsins.
- Þýr til góða stemningu í bænum. Öruggara að labba með börn og hunda.
- Bætur mannlífið að vera laus við bíla úr miðborginni.
- Bætt mannlíf.
- Ekki bílar.
- Eykur mannlíf í borginni og gefa borginni aukið líf.
- Eykur mannlíf og fallegra, rólegra og skemmtilegra að ganga um í miðborginni.
- Eykur öryggi göngufólks. - fjölbreyttara mannlíf.
- Ég bý miðsvæðis og fer oft á Laugavegin til að sækja þjónustu. Þótt tryggja þurfi aðgengi fyrir hreyfihamlaða þá er lífið í miðbænum svo miklu meira með göngugötum en án.
- Ég er jákvæð gagnvart minni/eða sem minnstri notkun einkabílsins. Það er í raun galið að nota kannski 1-2 tonn af stáli til að flytja eina eða tvær mannvætur milli staða með tilheyrandi mengun.
- Ég tel að þær geti undirbyggt gott mannlíf.
- Ég tel þær skapa líf í kringum sig. Þó mætti spyrja sig hvort ekki sé ástæða til að hafa þær árstíðarbundnar í sumum tilfellum.
- Ég vil losna við mengun frá bílaumferð og svo finnst mér mannlíf skemmtilegra þar sem bílar eru ekki. Eigendur verslana og veitingastaða hafa talað þetta niður, sem ég skil ekki. Að þeir skuli ekki frekar líta á þetta sem tækifæri til allskonar skemmtilegra hluta og athafna.
- Fallegra um að líta, pláss fyrir fleira fólk á ferðinni, meira pláss fyrir á hugaverða hluti sem annars færi undir bílastæði.
- Finnst göngugötur fínar í Kvosinni en ekki á Laugaveginum.
- Finnst það ákveðin miðborgarstemning að hafa göngugötur.
- Geng mikið um miðborgina.
- Gera borgina líflegri, meiri tækifæri fyrir skemmtileg svæði fyrir fólk og fjölskyldur.
- Gerir borgina lífandi og lítríka.
- Getur skapað ákveðna stemningu niðri bæ.
- Góð borgarmening.
- Hægt að búa til góða stemningu.
- Í góðu veðri, en það ætti að vera mögulegt að breyta þeim í akstursgötur þegar veður er slæmt.
- Lífandi borg með fólk í fyrirrúmi.
- Lífgar upp á miðbæinn og gerir hann manneskjulegri.
- Mannlífið er skemmtilegra.
- Mannlífið er svo miklu skemmtilegra í göngugötum en þar sem eru bílar. Á venjulegum degi þá er fjöldi fótgangandi á sumum stöðum niðri í bæ þá mikill að hann einfaldlega kemst ekki fyrir á gangstéttum.
- Mannlífið verður skemmtilegra.
- Mannvænna umhverfi, betra líf, minni hávaði, minni mengun.
- Meira frelsi fyrir fótgangandi.
- Meira líf - meiri stemning.
- Meira líf í borginni.
- Meira líf í miðborginni.
- Meira mannlíf, færri bílar, meira öryggi.
- Meira mannlíf, minni mengun, minni hávaði, meira öryggi, meiri verslun, meira svæði.
- Meira mannlíf.
- Meira og fjölbreytilegra mannlíf í miðbænum.
- Meira pláss fyrir fólk og fleira skemmtilegt.
- Meira pláss fyrir gangandi, skemmtilegri stemning og meira líf í bænum.
- Meira pláss og meira öryggi, minna stress. Fólk fer hægar yfir og stoppar frekar á stöðum og búðum sem það vissi ekki um.
- Meira pláss til að njóta.
- Mér finnst það næs svo lengi sem má hjóla á reiðhjól á þeim líka. Í covid höfum við farið meira út. Það er nóg af götum í kring fyrir bíla að keyra á.
- Mér finnst það partur af forvarnarstarfi um heilsuefingu borgarinnar. Eykur líkur á að sjá fólk úti að ganga. Minnkar mengun frá bílum og gerir svæðið mun meira aðlaðandi.
- Minni hávaði, minni mengun, meira líf.
- Minni mengun, meira öryggi fyrir gangandi, meira mannlíf.
- Minni umferð, góð stemning sem getur myndast á göngugötum.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

105 - Hlíðar frh.

- Reykjavík er höfuðborg og því eðlilegt að hún hafi borgareinkenni. Allar helstu borgir eru með slíkar göngugötur. Mjög skrítið að það hafi mátt keyra þarna. Mjög notalegt að geta nýtt svæðin betur en að hafa bara bíla þar.
- Rólegt á slíkum götum minna áreiti og hávaði.
- Ska þa aðlaðandi miðbæjarstemningu og gott að breyta bílaumferðinni.
- Ska þa meira líf.
- Ska þa skemmtilegt andrúmsloft.
- Ska þar meira líf, hvetur fólk til útiveru, meira öryggi, í kjölfarið verður til allskonar sjálfsprottin og skipulögð menningarstarfsemi.
- Ska þar meira rými fyrir fólk, minni mengun og hávaði sem fylgir bílum, skemmtilegra mannlíf.
- Ska þar útivistarsvæði og eru fjölskylduvænni staðir.
- Skemmtilegra mannlíf, minni mengun.
- Skemmtilegri upplifun.
- Umferð göngumanna er jákvæð.
- Umferð hreyfðist mjög lítið á þessum stöðum á virkum dögum og á kvöldin um helgar, með gangandi bílvélum.
- Vantar meiri græn/umferðarlaus svæði.
- Vegna persónulegrar reynslu af því hvernig götur á borð við Laugavegin, sem ég fer um daglega, ganga í endurnýjun lífdaga með auknu mannlífi.
- Vill geta gengið og hjólað um miðborgina án þess að þurfa að keppa um pláss við bíla.
- Vistlegra umhverfi fyrir fjölbreytt mannlíf.
- Það bætir borgarbraginn og ánægjuna við að röltu um.
- Það er allt miklu betra og þægilegra og hentugra þegar bílarnir eru annars staðar. Aðgengi ætti ekki að þýða aðgengi bíla, allavegna á svæðum þar sem fólk er ætlað að vera að vaþpa um. Minni læti, minni mengun, minni hættu, betri nýting á plássi.
- Það er bara jákvætt að fólk geti rölt um miðbæinn í friði.
- Það eykur líf að hafa gangandi fólk.
- Það skapar skemmtilega miðbæjarstemningu.
- Það skapar öruggt og lífvænlegt umhverfi.
- Það stóreykur lífið í borginni.
- Það veitir gangandi vegfarendum betra aðgengi, minni hljóðmengun, minni mengun af útblæstri, minni áhætta að þvera götuna á milli verslana, meira pláss fyrir gangandi vegfarendur og að lokum skemmtilegra mannlíf.

- Því að það er ágætt að vera í friði fyrir bílum.
- Því mér finnst þægilegt að labba um miðborgina.
- Þægilegra umhverfi, betri stemming. Hins vegar hefur það örugglega áhrif á hvernig verslanir þrífast þarna, égsé t.d. ekki mömmu sem er níræð labba mikið þarna um en hún fer daglega í Kringluna.
- Þægilegt þegar maður er á röltinu að losna við bíla.
- Þær auðga mannlífið og gera miðbæinn miklu líflegri og skemmtilegri.
- Þær auka mannlíf, loftgæði, verslun og öryggi fólks auk þess sem veitingastaðir geta stækkað útsvæði og auðveldara að setja upp viðburði.
- Þær bjóða upp á mun manneskjulegra umhverfi heldur en akstursgötur - og það er alveg nóg af þeim til að komast leiðar sinnar.
- Þær eru næs.
- Þær eru öruggari fyrir gangandi, sem fá almennt lítið pláss í borginni. Þær bjóða upp á möguleika á skemmtilegra borgarlífi. Minni mengun. Minni hávaði.
- Þær gefa meira líf og betri loftgæði og eru miklu skemmtilegri að vera á en í bil.
- Þær gera borgina aðgengilegri og meira lifandi.
- Þær gera borgina aðgengilegri og skemmtilegri.
- Þær hafa jákvæð áhrif á mannlífið í borginni.

107 - Vesturbær

- Af því að fólk viðrist nýta þær vel og það skapar stemningu. Hafandi sagt það, ef göngugata er sett upp og hún er ekki nýtt eins og borgin bjóst við ætti alltaf að endurskoða ákvörðunina.
- Á göngugötum er hægt að komast leiðar sinnar. Annars staðar er svo mikið bílaumfeðr að það er ómögulegt.
- Betra mannlíf.
- Betri stemning án bíla.
- Bæta mannlíf.
- Bæti mannlíf.
- Er frekar hlutlaus.
- Eykur líf í borginni og öryggi þeirra sem eru að versla eða eiga leið um miðborgina.
- Eykur mannlíf og gerir borgina meira lifandi. Þetta er vel þekkt í stórborgum í öðrum löndum.
- Eykur mannlíf og gerir miðborgina skemmtilegri.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

107 - Vesturbær frh.

- Eykur mannlífið í miðbænum, það er alls ekki nauðsyn að allar götur í miðborginni séu ætlaðar bílaumferð.
- Finnst óþarfi að hafa bílaumferð alls staðar.
- Fint að geta gengið einhversstaðar í friði.
- Fjörugra mannlíf.
- Gefa tækifæri á miðborgarbrag og samskiptum fólks.
- Gerir mannlífið skemmtilegra.
- Góð stemming og betra mannlíf.
- Göngugötur eru góðar fyrir mannlíf og borgarbrag.
- Meira líf og öryggi fyrir gangandi vegfarendur.
- Meira líf-öruggara að fara með börn í miðborgina. Skemmtilegri menning.
- Meiri friður minni mengun.
- Mér finnst meira líf og skemmtilegra þegar göturnar fyllast af fólki sem fær að vera í friði fyrir bílum. Samt hefur dregið úr fjölbreytni verslana sem er mikill skaði fyrir aðra en túrista (þ.e. íbúa eins og mig í Jarðarverfum miðbæjarins = vesturbæ) sem þarf að leita langt (skemmst í Kringluna) t.d. í búsaáldavarslanir, vefnaðarvöruverslanir. Mætti bæta með ódýrum/fríum skammtímabílastæðum í nærliggjandi götum/bílastæða húsum (sbr. Akureyri)? Endalega ætti að ýta undir útimarkaði (pop-up).
- Miðborgin á ekki að vera umferðarsvæði heldur á menning og mannlíf að vera í forgangi.
- Minni mengun, meira mannlíf og frjálrsara.
- Minni umferð og mengun. Meira mannlíf. Meiri ánægja af því að ganga/hjóla um.
- Of mikið af bílum á ferðinni í þröngu rými nóg af bílastæðum í nágrenninu.
- Óþarfi að það séu bílar út um allt. Meira pláss fyrir gangandi og öruggara.
- Sem gangandi og hjólandi vegfarandi skiptir miklu að endurheimta svæði í miðborginni. Sem a kandi vegfarandi breytir það ekki svo miklu að geta ekki keyrt nákvæmlega þarna.
- Ska past oft skemmtilegt mannlíf í göngugötum.
- Skemmtilegra að koma í miðborgina þegar ekki eru bílar um allt, það verður allt rólegra.
- Skemmtilegra mannlíf. Minni líkur á slysum. Minni mengun á svæðinu.
- Styður líf í borginni, er skemmtilegra og öruggara.
- Tel það góða hugmynd sums staðar enn hefur komið illa niður á Laugarveginum.
- Vil minnka bílanotkun og umferðarteppur og útblástur.
- Það er róandi og gott að ganga.
- Það gefur bænum góða áferð.
- Það gerir göturnar mun skemmtilegri og öruggarí að ganga.

108 - Fossvogur

- Auðga mannlíf.
- Auðveldara og öruggara að komast á milli staða og notalegristemming.
- Betri stemming.
- Bílar þurfa ekki að eiga allar götur.
- Breytir og opnar hverfin.
- Ef borg fær að þróa st.þá verða gömlu kjarnarnir kósý. Flytja skrifstofur út úr gömlu bæjunum í „Buisnessdistrict“. Að vísu hefur stefnan verið önnur í Rvk þar sem troðaskal öllu út í ka nnt sem vestast og þannig skemmt fyrir þróun göngu, veitinga, kosýkjarna.
- Eflir líf í borginni og minnkar útblástur svo gangandi vegfarendur anda ekki beint að sér útblæstri bifreiða.
- Eina skynsamlega.
- Eykur mannlíf. Þarf þó að huga að því að móti að bílaumferð komist hindrunarlaust um aðra götur á svæðinu.
- Eykur mannlífið.
- Ég er jákvæður gagnvart göngugötum í miðborginni að sumarlagi og möguleiki opunar á öðrum árstíma undir vissum aðstæðum.
- Finnst mannlífið og götustemmingin betri án þínsins.
- Fint að draga úr umferð.
- Fjölbreyttara mannlíf og rými fyrir ýmsar uppkomur.
- Gerir bæinn falletgri.
- Gott að draga úr bílaumferð á ákveðnum stöðum í borginni.
- Hæfilegar göngugötur mjög notalegar. En þær þurfa skjól og sól. Góð reynsla erlendis.
- Lífleg og skemmtilegra samfélag.
- Mér finnst bara mannlífið blómstra við það. Það skapar svo skemmtilega stemmingu.
- Mér finnst það bara eiga við á sumum götum.
- Miklu skemmtilegra að vera í miðborginni þegar það eru ekki 2 tonna bílflykki út um allt.
- Minnka mengun í miðbænum.
- Minnkar umferð bíla. Gerir umhverfið skemmtilegra.
- Mynda st. góð stemming í bænum.
- Opnari, vistvænni og manneskjulegri borg.
- Rólegra umhverfi.
- Ska þa betra mannlíf í miðborginni.
- Ska þa stemmningu.
- Skemmtilegra umhverfi og huggulegra.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

108 - Fossvogur frh.

- Skemmtilegri miðbær.
- Það er skemmtilegri stemning sem myndast þannig, krakkarnir fá að röltu um (undir eftirliti að sjálfsögðu).
- Þægilegt og rólegt að ganga þar um.
- Þær bæta mannlíf og gera göturnar líflegri og bjóða upp á fleiri möguleika vaðandi afþreyingu.
- Þær lífga upp á miðbæinn.

109 - Neðra Breiðholt

- Að hafa val að ganga á milli staða búða og kaffihús.
- Betra aðgengi fyrir fólk, minni mengun, minni hætta á slysum, fallegri miðbær.
- Gott að geta gengið með börn á þessu svæði án þess að þurfa að hafa áhyggjur af bílum
- Gott að geta gengið um án bílaumferðar.
- Laus við bílamengun og því betra að njóta bæjarins. Hægt að labba um án þess að þurfa að passa sig á bílum. Hægt að sitja á útikaffihúsi á sumrin án þess að vera að kafna í bílamengun og að vera laus við bílahávaðann. Það er nóg af bílastæðum í miðbænum og ég versla ekki neitt ef ég sit inn í bíl. Það sem vantar helst eru áhugaverðar verslanir í miðbæinn.
- Mikið betra að fara um miðbæinn á fótum og auðvitað öruggara.
- Skaþar lifandi miðbæ.
- Skemmtileg göngusvæði, óhult frá bílaumferðinni. Stutt hvert sem þarf að komast.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Skemmtilegra umhverfi og meira aðlaðandi.
- Tel heppilegt að gangandi fái götur án bíla.
- Það er fínt að geta gengið um sums staðar án þess að eiga á hættu að verða keyrð niður. Neikvæða hliðin snýr hins vegar að fötluðu fólki og eldra fólki sem á erfitt með að komast að verslunum í miðbænum.
- Það er góð upplifun að ganga um og njóta borgarinnar í friði frá bílum. Það eykur líkur á að fólk noti bíla minna ef að gangandi vegfarendur er forgangsraðað frekar en bílum.
- Það er nauðsynlegt í miðborg að hafa einhverjar göngugötur.
- Það er viss borgarbragur að röltu göngugötur, gott að geta haft pláss fyrir gangandi vegfarendur.

110 - Árbær

- Aðgengi almennings betra.
- Af umhverfisástæðum.
- Af því ég nota þær mið og þær eru frá bærar og mjög víða um borgina.
- Ágætt að geta verið laus við bílaumferð á nokkrum stöðum í Reykjavík.
- Breytir öllu umhverfinu.
- Eðlileg þróun.
- Ef borgin tæki sig til og þrifi nú borgina almennilega, sérstaklega göngugötur, gætu þær verið góðar Á SUMRIN. Mætti alveg hafa bílaumferð á veturnar.
- Eykur lífið í miðborginni, fjöldi erlendra ferðamanna á ferli í bland við aðra.
- Eykur mannlíf.
- Gamna aðganga á milli búða án þess að vera í umferðarstýbba og eiga á hættu að vera keyrð niður.
- Gamna aðganga í miðbænum.
- Hóflægur hluti miðborgar má gjarnan vera göngusvæði, samt þarf að leita jafnvægis milli ferðamára, þar með bólsins. Hraðakstur létthjóra getur verið alvarleg ógn við göngusvæði og spurning um að sporna við hraðför létthjóra um göngusvæði.
- Laus við bílaumferð.
- Miðborgin verður að öllu leyti vænni fyrir fólk.
- Miðborgir eru fyrir gangandi fólk, með bílastæða hús á jaðrinum eða eftir á stæðum, neðanjarðar og aðgengileg. Miðborgir voru ekki byggðar fyrir þunga bílaumferð. Væl verslanaeiganda eru umkunnaveit því gangandi fólk stoppar frekar en bílar.
- Minnka mengun frá vélkúnum ökutækjum. Það er hollt að ganga. Viðheldur heilbrigði.
- Skaþar notalegt umhverfi í miðbænum.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Skemmtilegra.
- Skemmtilegri stemning þannig.
- Stemningin.
- Vegna umhverfis.
- Við þurfum ekki að fylla allar götur af bílum.
- Það er bara skemmtilegt að hafa sumar götur ekki fyrir bíla.
- Það er eðlilegt í borgum að nokkrar götur í miðbænum séu göngugötur enda ekki ástæða fyrir bíla að ferðast þar um óhindrað.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

110 - Árbær frh.

- Það er mjög gaman að ganga þær á góðviðrisdögum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af bílum. Gerir svæðið einnig fallegra og fjölskylduvænna. Hins vegar eru góðviðrisdagar ekkert alltof algengir á Íslandi og það er ekki skemmtilegt að ganga niður þær í vondu veðri - þá vill maður frekar geta komið á bílnum og lagt framan við þá verslun sem maður er að sækja.
- Það er óþarfi að vera með bílaallsstaðar.
- Það er þægilegt að vera með börn á ferðinni þar sem eru göngugötur. Það er líka vistvænna og betra að öllu leyti að hafa sumar götur göngugötur.
- Það getur verið notalegt að hafa einhverjar götur án bílaumferðar.
- Það verður til meira líf í miðborginni, afslappað andrúmsloft. Auglýsa þarf mun betur bílastæða húsin í miðbænum og fólk þarf að læra að nota þau og þakka fyrir að hafa fætur sem það getur notað.
- Þegar við förum til útlanda þá finnst okkur mjög gott að ganga á göngugötum og njóta. Hvers vegna ekki heima hjá okkur?
- Þægilegra að vera í bænum.

111 - Efra Breiðholt

- Bara notalegt að vera laus við bílaumferð og öryggi að ganga um.
- Bara svo miklu vistlegra umhverfi. Þegar ég er í miðbænum er ég yfirleitt á rölti og þá er skemmtilegra að ganga á göngugötum heldur en að troða stáfram á þröngum gangstéttum með bílaniðstöðugt í eyrum. Þetta opnar líka á möguleika á útisvæðum fyrir veitingahús og kaffihús sem glæðir miðborginni aldeilis borgarbrag á góðviðrisdögum.
- Betra mannlíf.
- Ef rétt er að staðið gæti það eflit miðbæinn. Hins vegar ekki rétta aðferðin að skipta einstefnu Laugavegar í tveinnt, bara fáránlegt! Heldur ekki rétt að þrengja að bílaumferð þannig að ekki sé hægt að komast niður í bæ á bíl með góðu móti, leggja honum og labba um bæinn.
- Er almennt ekki á bíl og geng þar með um miðbæinn þegar ég fer þangað.
- Ég bý ekki í miðborginni sem getur litað álit mitt. Lítið pláss fyrir bílaumferð. Í tugi ára hef ég ekki litið þannig á að ég komist á bílnum mínum að því húsi sem ég hyggst sækja, heldur finn bílastæði á hentugum stað og geng. Tel að hægt sé að hafa það þannig að þeir sem ekki geta gengið fái undanþágu, s.s. sjúkrahálar, faðaðir og svo þeir sem þurfa að koma vörum til rekstraraðila. Gæti nefnt ótal margt fleira svo sem umhverfismál.

- Frá bært mannlíf og tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt borð og bekkir borða úti.
- Hentar mannlíflu borgarinnar.
- Jákvæð þróun, minnka bílanotkun. Hvetja fólk að ganga meira.
- Létta ra yfir öllu.
- Miklu skemmtilegri miðbæ en áður og ríkari ástæða til að fara þangað.
- Minni bílaumferð betra.
- Skemmtilegra mannlíf, það er heldur ekki næg bílastæði í miðborginni, ef allar þessar götur væru með óheftri bílaumferð. Mjög hlynnt göngugötum.
- Umhverfið er hlýlegra og meira aðlaðandi. Andrúmsloftið er betra, bókstaflega.
- Þar eru ekki bílar fyrir manni.
- Örugg svæði.

112 - Grafrvogur

- Af því að göngugötur eru snilld.
- Afslappaðra umhverfi.
- Aukið líf, minni mengun, skemmtilegri borg.
- Aukið mannlíf, minni mengun.
- Aukinn fjöldi gengur sér til hressingar.
- Ágætt að geta labbað um Laugavegin án bílaumferðar.
- Er meiri borgarstemning. Eru líka frekar leiðinlegt að keyra um miðbæinn, betra að leggja í bílastæðahúsi og röltu um.
- Finnst gangandi umferð passa betur við andrúmsloftið í miðbænum. Skapast skemmtilegra mannlíf og uppákomur.
- Finnst mannlíf verða líflegra.
- Finnst það ýta undir meira lífandi miðbæ, þar sem fólk er ekki endalaust á hlaupum. En ég hef áhyggjur af að komu fyrir verslanir á svæðinu.
- Fínt fyrir fólk að fá smá frið frá bílaumferð.
- Gamán. Mannlíf.
- Gefa borginni alþjóðlegra og mannvænna yfirbragð.
- Gera umhverfið meira aðlaðandi. Þessar götur hafa mjög lítið gildi sem samgönguleiðir fyrir bíla.
- Gott að geta gengið um og þurfa ekki að hafa áhyggjur af bílaumferð.
- Hef haft þá skoðun í mörg ár að það eigi að vera fleiri göngugötur í miðbænum og lokun Laugarvegjar líka.
- Hreinn loft.



Hvers vegna ert þú **jákvæður** gagnvart göngugötum í miðborginni?

112 - Grafarvogur frh.

- Hva ti fyrir fólk að leggja bílnum. Umhverfissvænna.
- Hægt að setjast niður og njóta.
- Jákvæð áhrif á upplifun.
- Kemur með meira líf í miðbæinn.
- Lífgar upp á mannlíf, tilbreyting frá venjulegum umferðagötum.
- Mannlíf.
- Mér finnst göngugötur aðlaðandi og vinnulegar og gera skemmtilega stemningu í borgum.
- Mikil betra aðgengi. Þægilegra fyrir alla sem eru gangandi og hjólandi. Aldrei langt í bílastæði.
- Mikil skemmtilegra og betra að fara í bæinn og röltu um.
- Miklu viðkunnalegrri en bílagötur með þröngum gangstéttum. Í borginni væri þó ennþá betra ef þær væru hálflokaðar fyrir veðri og vindum - skýldu fyrir mesta vindinum og úrkomunni en samt ekki alveg. Verslunin hefur flúið miðbæinn, en mig grunar að það sé frekar vegna hásléiguverðs en vegna göngugatna, verslunin sprakk á limminu. Góðar hálfyrbyggðar göngugötur með hæfilegri blöndu af verslunum og kaffihúsum væri frábært! En þá þarf líka bílastæðahús í nágrenninu sem loka ekki á miðnætti.
- Mjög gaman að fara þarna niðri í bæ. Betra aðgengi og skemmtilegra.
- Ska par aðstæður fyrir skemmtilegra mannlíf.
- Ska par stemningu.
- Skemmtileg stemning fylgir göngugötum.
- Skemmtilegra mannlíf.
- Það er bara fallegra og þægilegra.
- Það er svo gott að geta gengið um miðborgina án þess að vera í klæssu á gangstéttum út af bílaumferð.
- Þrengt of mikil að bílaumferð.
- Þægilegt að röltu þarna um.

113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur

- Betra og meira mannlíf.
- Ég geng mið.
- Fjölbreyttara mannlíf, kaffi og veitingahússysteming.
- Gamnan að ganga á göngugötum??
- Gerir gott, líflegri og öruggari.
- Gerir mannlíf skemmtilegra.

- Gott að geta gengið um án bílaumferðar.
- Gott að geta gengið um sumar þeirra án áreitni bílaumferðar.
- Gott að labba óáreititt af bílum. Hins vegar finnst mér í lagi að bílaumferð sé máður á ferð fyrir hádegi vegna verzlana.
- Heilbriggt að labba.
- Meira líf fyrir ferðamenn og þá Íslendinga. Sem fara niður í bæ að leita miðborgarlífs.
- Meiri borgarbragur, sérstaklega í góðu veðri.
- Mikil umferðagangandi og akandi fara illa saman.
- Miklu fallegrri og skemmtilegrri.
- Minnka bílanotkun, útlanda tilfinning, frjálfsari á labbinu.
- Mynda skemmtilega stemningu.
- Of þröngar götur fyrir mikil umferð.
- Rólegt umhverfi, mættu vera fleiri göngugötur í miðbænum.
- Ska par vinnulegan miðbæ.
